

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Ámundi V. Brynjólfsson, skrifstofustjóri á umhverfis- og skipulagssviði

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi skóla- og frístundastarf í Laugarnes- og Langholtshverfi

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 13. maí 2024 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins

Óskað er upplýsinga um hvenær talið var ljóst að forsendubrestur væri fyrir því að fara í undirbúning og framkvæmdir skv. leið 1 vegna skóla- og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi (Laugardalurinn). Þá er óskað upplýsinga um hvers vegna skýrsla starfshóps, frá í nóvember 2023, sem komst að þeirri niðurstöðu að forsendubrestur væri fyrir hendi að fara leið 1 var ekki kynnt og rædd í skóla- og frístundaráði og kynnt skólástjórnendum og foreldrum hið fyrsta.

Svar:

Á fundi borgarráðs 9. febrúar 2023 var lagt fram til kynningar erindisbréf starfshóps um undirbúning framkvæmda vegna skóla- og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi. Starfshópurinn var skipaður af borgarstjóra og formaður hópsins var Ámundi V. Brynjólfsson frá umhverfis- og skipulagssviði.

Forsendur vinnu starfshópsins voru þær forsendur og greiningarvinna sem lágu til grundvallar samþykkt borgarráðs frá 13. október 2022 auk frekari forsenda sem tilgreindar eru í erindisbréfi s.s. samþykkt borgarráðs um undirbúning Þjóðarhallar í Laugardal. Þá eru í erindisbréfi einnig tilgreind helstu verkefni/viðfangsefni starfshópsins sem m.a. fólu í sér að gera tillögur um nálgun á verkefnið eftir því vinna hópsins gaf tilefni til.

Niðurstaða hópsins var sú að til að ná fram heildstæðri mynd út frá breyttum og nýjum forsendum væri nauðsynleg nálgun á verkefnið að áhættu- og kostnaðarmeta fyrri sviðsmyndir auk nýrrar sviðsmyndar sem tæki tillit til byggðarþróunar á þeim uppbyggingarreitum sem eru næstir skólahverfum Laugardals.

Eftir að skýrslan kom út var farið vandlega yfir niðurstöður hennar og hvort hún réttlætti að falla frá fyrri ákvörðun. Lykilatriði hefur alltaf verið að tryggja farsælan framgang framkvæmda svo ekki verði tafir á úrbótum á skólahúsnæði í hverfinu. Eins líka hvernig svona stóru verkefni væri verkstýrt og samhæft milli þeirra þriggja sviða borgarinnar sem koma að verkefninu, þ.e. fjármála- og áhættustýringarsviðs, umhverfis- og skipulagssviðs og skóla- og frístundasviðs.